

Reykjavík, 30.01.2024



## Ísland aldrei mælst verr í vísitölu spillingarásýndar Transparency International

Ísland missir tvö stig í vísitölu spillingarásýndar Transparency International á milli ára. Í ár mælist Ísland með 72 stig af 100 mögulegum. Það er í samræmi við langtímaþróun landsins í vísitölunni en Ísland hefur misst sex stig á síðustu fimm árum og tíu stig síðastliðinn áratug. Ísland sker sig verulega úr meðal Norðurlanda. Danmörk mælist hæst með 90 stig eins og árið áður. Þar á eftir kemur Finnland með 87 stig, Noregur með 84 og Svíþjóð með 82. Ísland er í hópi 23 landa sem fá sögulega slæma einkunn í ár. Þar á meðal eru Holland, Svíþjóð og Bretland ásamt Íran, Rússlandi, Tadjikistan og Venezuela. Alls hafa 28 lönd bætt mælingu sína á milli ára en 34 hafa fallið. 118 lönd standa í stað.

Íslandsdeild Transparency International bendir á að árið 2023 höfðu tæplega 20 manns stöðu grunaðra vegna tilrauna til að múta á Íslandi. Þá hafa ítrekað komið upp mál sem veikt geta tiltrú almennings á góðri stjórnslu. Þar má nefna einkavæðingu Íslandsbanka og málefni Samherja í Namibíu. Í nýlegri könnun Félagsvísindastofnunar vegna vinnu *Auðlindarinnar okkar* kemur fram að almenningur á Íslandi telur sjávarútveg og fiskveiðistjórnunarkerfið spillt. Raunar telur aðeins 1 af hverjum 6 svarenda heiðarleika einkenna íslenskan sjávarútveg og fiskveiðistjórnunarkerfið. Þá einkenndist árið 2023 af óreiðu meðal stjórnarflokkanna sem getur haft áhrif á tiltrú á getu stjórnvalda til að takast á við spillingu og standa fyrir góðri stjórnslu.

Vegna málefna Samherja er varða Namibíu og sjávarútveg telur Íslandsdeild TI rétt að benda sérstaklega á stöðu Namibíu í vísitölunni. Namibía mælist nú með 49 stig og stendur í stað frá árinu áður. Namibía hefur misst þrjú stig á síðustu fimm árum en bætt við sig einu stigi á síðastliðnum áratug. Íslandsdeild vekur athygli á því að Namibía hefur misst þrjú stig frá því að Samherjamálið hófst. Fall Íslands á sama tíma eru sex stig.

Almennt má sjá að þau ríki sem skora nokkuð hátt í vísitölunni eru mörg stöðnuð eða missa stig. Í Evrópu hefur Transparency International álitð að skortur á öflugum viðbragði við spillingu, pólitísk spilling og gríðarleg ítök sérhagsmunahópa í stjórnámum ýti undir aukið vantraust. Þá hefur sú stefna að veikja eftirlit aukið vantraust á stofnunum. Vestur-Evrópa er það svæði heimsins sem skorar hæst í vísitölunni en árið 2023 er í fyrsta skipti í næstum áratug sem meðalstigafjöldi svæðisins fellur; úr 66 í 65 stig.

**Hvers vegna mælir Transparency ásýnd spillingar í stað þess að mæla spillingu?**

## CPI 2023 - Fréttatilkynning

Ómögulegt er að mæla spillingu heimsins með beinum hætti. Þau sem stunda spillingu leggja mikið á sig svo hana megi fela. Aðferðirnar við að fela spillingu er allt frá því að búa spillinguna öðrum búning svo sem óhappa, góðrar stjórnsýslu eða hefða svo dæmi séu tekin. Tilraunir til múta eru sagðar vinaspjall eða hugmyndaflæði og greiðslur faldar sem lán eða viðskiptatækifæri. Það er því ekki til ein algild leið til að mæla spillingu. Mæling á ásýnd er því ein leið til að komast nær því markmiði að skilja áhrifin og áskoranir hennar.

Vísitala spillingarásýndar (e: Corruption Perception Index, CPI) er leiðandi alþjóðleg vísitala um ásýnd spillingar hjá hinu opinbera. Transparency International birtir vísitöluna árlega sem gefur samanburðarmynd af 180 löndum. Vísitalan fyrir árið 2023 er reiknuð með gagnasettum frá 13 aðilum. Einkunn Íslands og annarra landa er metin út frá sýn þeirra sem starfa hjá hinu opinbera og í viðskiptalífnum auk mælinga á ákveðnum þáttum. Vísitala spillingarásýndar Transparency International mælir ekki sýn almennings og getur því ekki varpað ljósi á álit almennings á stöðu mála. Vísitalan er unnin af sérstöku rannsóknarteymi hjá Transparency International en ekki einstaka deildum hreyfingarinnar. Transparency International birti fyrst vísitölu spillingarásýndar árið 1995. Árið 2012 var aðferðafræði vísitölunnar breytt til að ná betur utan um mælinguna. Það er í kjölfar þeirrar breytingar á aðferðafræði sem Ísland tekur að missa stig en eins og þekkt er mældist Ísland í efsta sæti vísitölunnar í aðdraganda efnahagshrunsins.

Einkunn Íslands byggist á sex gagnasöfnun en ekkert land má hafa færri en þrjú gagnasöfn til grundvallar mælingu vísitölunnar. Helsta ástæða þess að ekki er gerð krafa um að hvert land hafi 13 gagnasöfn er sú að söfnin innihalda sjaldan öll lönd heims.